



# Sjálfsmat

2014-2015

Skýrsla unnin haustið 2015 af  
Jónu Vilhelmínu Héðinsdóttur aðstoðarskólameistara

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>3</b>
<b>Grunnupplýsingar um Menntaskólann á Tröllaskaga .....</b>	<b>3</b>
<b>Mat á skólastarfi .....</b>	<b>3</b>
<b>Viðmið fyrir mat á skólastarfi.....</b>	<b>5</b>
<b>Markmið Menntaskólans á Tröllaskaga .....</b>	<b>6</b>
<b>Sjálfsmatsáætlun MTR skólaárið 2014-2017 .....</b>	<b>7</b>
<b>Matsaðferðir og gagnaöflun .....</b>	<b>8</b>
<b>Kennslukannanir.....</b>	<b>10</b>
Niðurstöður kennslukannana .....	11
<b>Viðhorfskannanir .....</b>	<b>14</b>
Framhaldsskólapúlsinn .....	15
Stofnun ársins.....	18
Foreldrakönnun .....	22
Starfsmannasamtöl .....	24
<b>Greining á tölulegum gögnum.....</b>	<b>25</b>
<b>Mætingar nemenda .....</b>	<b>29</b>
<b>Umsjónarkerfi.....</b>	<b>30</b>
<b>Stefnumótunarvinna.....</b>	<b>30</b>
<b>Samstarf við aðra .....</b>	<b>31</b>
<b>Fjárhagur og rekstur.....</b>	<b>32</b>
<b>Styrkleikar, veikleikar og úrbætur .....</b>	<b>33</b>
<b>Úrbætur .....</b>	<b>34</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>36</b>
<b>Viðaukar .....</b>	<b>37</b>
<b>Fylgiskjal 1 .....</b>	<b>37</b>
<b>Fylgiskjal 2 .....</b>	<b>39</b>

## Inngangur

Menntaskólinn á Tröllaskaga er dreifnámsskóli í Ólafsfirði stofnsettur árið 2010. Skólinn starfar eftir lögum nr. 92/2008 og Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 sem gefur aukið svigrúm í námsvali til stúdentsprófs og framhaldsskólaprófs.

Skólinn er til húsa að Ægisgötu 13 í Ólafsfirði og er í 1198,3 m<sup>2</sup> húsnæði sem áður hýsti hluta af starfsemi Grunnskóla Ólafsfjarðar. Á vorönn 2013 var strax ljóst að húsnæðið væri orðið of lítið og brýnt að huga að úrbótum á því.

Menntaskólinn á Tröllaskaga býður upp á 200 eininga stúdentspróf sem gerir nemendum kleift að ljúka námi á þremur til þremur árum. Einkunnarorð skólans eru: *Frumkvæði, sköpun, áræði.*

Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur nú starfað í 5 ár og hefur stefna hans verið í mótun þann tíma. Helstu áhersluatriði voru sett fram í skólasamningi og eru birt hér á eftir í viðauka. Þar koma fram markmið skólans og þeir mælikvarðar sem settir hafa verið á þau. Innra mat skólans er nátengt stefnunni og markmiðssetningunni og í því er lagt mat á hvernig til hefur tekist við framkvæmd stefnunnar og eftirfylgni.

## Grunnupplýsingar um Menntaskólann á Tröllaskaga

	Haustönn 2014	Vorönn 2015
Dagskólanemar	130	150
Fjarnemar	83	77
Kennarar*	16	16
Brottfall	4%	3%
Brautskráðir	8	31

\* Flestir kennarar voru með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi og langflestir með meistaragráðu. Tveir voru í réttindanámi á tímabilinu.

## Mat á skólastarfi

Á þeim fimm starfsárum skólans sem nú eru að baki hefur verið unnið að þróun sjálfsmatsaðferða hjá skólanum. Sjálfsmatsteymi var skipað við skólann haustið 2011

og í því eiga setu aðstoðarskólameistari, sem jafnframt ber ábyrgð á sjálfsmatinu, tveir kennarar og fulltrúi nemenda. Teymið hefur verið skipað til árs í senn og hafa aðstoðarskólameistari og annar kennarinn setið frá upphafi. Núverandi teymi hefur setið þrjú ár og er að hefja það fjórða. Í því sitja Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir, aðstoðarskólameistari, Óskar Þórðarson og Margrét L. Laxdal kennarar, ásamt Erlu Vilhjálmisdóttur fulltrúa nemenda sem tók setu í teyminu á vorönn. Sjálfsmatsteymið fundaði að jafnaði tvisvar í mánuði og vann að framkvæmd og úrvinnslu þess á milli. Sú ákvörðun var tekin í samráði við starfsfólk að skólinn mótaði sínar eigin sjálfsmatsaðferðir en tæki ekki beint upp eina ákveðna matsaðferð.

Mati á skólastarfi má skipta í ytra og innra mat. Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum í umboði yfirvalda. Misjafnt er hversu mikið samráð er við skólana í tengslum við þetta mat; stundum er það jafnvel ekkert. Oftast er gerður verkсамningur við matsaðila þar sem kveðið er á um hvaða aðferðum skal beitt og hvað skal meta, ásamt því hver á að fá niðurstöðurnar. Ytra matið er því yfirvöldum til upplýsingar um skólastarfið og hvernig þeim fjármunum er varið sem skólarnir fá. Í innra mati felst hins vegar eftirlit með öllum þáttum skólastarfsins. Að þessu eftirliti eða mati vinna hagsmunaaðilar, þ.e. starfsfólk, nemendur og foreldrar. Þetta mat er því á forsendum skólanna sjálfra, andstætt ytra matinu, og er fyrst og fremst til upplýsingar fyrir skólana sjálfa. Í báðum tilfellum er þó unnið með gögn sem safnað hefur verið og eru til staðar í skólanum.

Sjálfsmati skóla, sem er formlegt mat, er í senn ætlað að vinna skólanum gagn og vera upplýsandi fyrir yfirvöld og almenning um skólastarfið. Hlutverk þess er að kalla á umbætur sem gerir það vel til þess fallið að vera leiðandi í skólaþróun. Það skal vera markmiðamiðað og ætti því að henta vel til leiðsagnar og um leið að bæta starfið og þjónustuna. Gott innra mat er því grundvöllur fyrir umbótum.

## Viðmið fyrir mat á skólastarfi

Menntamálaráðuneytið hefur sett fram opinber viðmið sem sjálfsmat skóla þarf að uppfylla. Þau eru að sjálfsmatið sé:

1. Formlegt. Sjálfsmatið skal byggja á kerfisbundnum aðferðum sem settar hafa verið fram skriflega
2. Altækt. Sjálfsmatið nái til allra helstu þátta skólastarfsins
3. Áreiðanlegt. Sjálfsmatið byggist á traustum upplýsingum og áreiðanlegum mælingum
4. Samstarfsmiðað. Sjálfsmatið sé unnið í samvinnu starfsfólks, nemenda, skólanefndar og foreldraráðs
5. Umbótamiðað. Sjálfsmatið sé nýtt til að vinna að umbótum í skólastarfinu
6. Árangursmiðað. Sjálfsmatið byggist sem mest á markmiðum sem eru mælanleg og geri kleift að meta árangur í ýmsum þáttum skólastarfs
7. Stofnana- og einstaklingsmiðað. Sjálfsmatið þarf að taka til bæði skólans í heild og þeirra einstaklinga sem þar vinna
8. Lýsandi. Sjálfsmatið feli í sér greinargóða lýsingu á starfsháttum og aðstæðum í skólanum
9. Greinandi. Í sjálfsmatinu komi skýrt fram greining á styrk- og veikleikum skólans
10. Opinbert (að hluta). Meginniðurstöður sjálfsmats komi fram í opinberri sjálfsmatsskýrslu.

## Markmið Menntaskólans á Tröllaskaga

Meginmarkmið í starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga tengjast námskrá framhaldsskóla en auk þess sérkennum skólans sem felast í einkunnarorðum hans: Frumkvæði – Sköpun – Áræði.

### Frumkvæði

Nemendur og starfsmenn sýni frumkvæði í störfum sínum, komi með hugmyndir að viðfangsefnum og útfæri þau.

- nemendur skilgreini stærri viðfangsefni, útfæri þau og leysi í samstarfi við skólann.
- starfsmenn komi með hugmyndir að uppbyggingu skólans og útfæri þær.

### Sköpun

Nemendur og starfsmenn séu skapandi í starfi sínu sem felst í því að

- skapa list sem sýnd er í skólanum og samfélaginu
- hafa áhrif á nærumhverfi skólans innan og utan á skapandi hátt
- sýna sköpun í viðfangsefnum sínum í skólanum sem sagt er frá á heimasíðu eða í fréttamiðlum.

### Áræði

Nemendur og starfsmenn sýni áræði með því að ganga ekki bara troðnar slóðir heldur útfæri verk á annan hátt en hefðbundið er sem felst í því að

- leysa verkefni tengd samfélaginu eða í samstarfi við aðila utan skólans
- leysa viðfangsefni sem reyna á samskipti við aðila utan skólans til upplýsingaöflunar eða miðlunar.

Markmið skólans og áhersluatriði hafa verið sett fram í skólasamningi fyrir 2014-2019 (sjá fylgiskjal 1 í viðauka).

## Sjálfsmatsáætlun MTR skólaárið 2014-2017

Í tengslum við skólasamning fyrir tímabilið 2014-19 lagði Menntaskólinn á Tröllaskaga fram áætlun fyrir sjálfsmat til þriggja ára. Sjálfsmati skólans er ætlað að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólastarfsins og vera grundvöllur umbótastarfs. Sjálfsmatinu er ætlað að ná til allra stjórnunarháttanna og samskipta innan skólans.

Á skólaárinu 2014-2015 var gerð áætlun um að eftirtaldir þættir yrðu metnir:

### **Haustönn 2014**

- *September*: Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2013-2014 fullgerð og vistuð á heimasíðu skólans. Sjálfsmatsáætlun endurskoðuð.
- *September*: Skólafundur
- *Október*: Eineltiskönnun
- *Desember*: Kennslukönnun í völdum áföngum lögð fyrir nemendur (tungumál, félagsgreinar og listgreinar). Greining tölfraeðilegra upplýsinga úr upplýsingakerfi skólans, námsárangur o.fl.
- *Desember*: Mat kennara á eigin áföngum.

### **Vorönn 2015**

- *Janúar*: Foreldrakönnun
- *Febrúar*: Viðhorfskönnun lögð fyrir nemendur og kennara (líðan, aðbúnaður og fleira).
- *Mars*: Mat á stjórnun. *Stofnun ársins*.
- *Apríl*: Starfsmannasamtöl.
- *Apríl*: Kennslukönnun í völdum áföngum lögð fyrir nemendur (raungreinar og íþróttir).
- *Maí*: Mat kennara á eigin áföngum.
- *Maí-júní*: Greining tölfraeðilegra upplýsinga úr upplýsingakerfi skólans, námsárangur o.fl.
- *Júní-september*: Greining gagna vegna innritunar, umsóknatölur, upplýsingar um umsækjendur.

## Matsaðferðir og gagnaöflun

- **Kennslukönnun** sem var meginleg netkönnun meðal nemenda og fjallar um kennslu, undirbúning og framsetningu kennara á kennsluefni, námsmatsaðferðir, viðmót kennara og mat nemenda á eigin frammistöðu í viðkomandi áfanga. Sjálfsmatsteymi fór yfir spurningar og endurskoðaði í samvinnu við kennarafund og fulltrúa nemenda. Niðurstöður kannananna eru sendar viðkomandi kennara. Þá hefur skólameistari aðgang að öllum niðurstöðum þessara kannana og getur nýtt þær í samtölum við kennara. Samantekt á niðurstöðum kennslukannana var kynnt á kennarafundi og fyrir fulltrúum nemendafélags.
- **Viðhorfskönnun.** Á haustönn var tekin ákvörðun um breytingar á könnunum á líðan nemenda og starfsmanna. Skólanum bauðst að taka þátt í könnun Framhaldsskólalápsins á líðan nemenda. Ákveðið var að taka þátt þar sem sú könnun nær bæði yfir líðan og einelti en áætlað var að kanna einelti í fyrsta sinn formlega á haustönn 2014. Viðhorfskönnun starfsmanna var einnig felld niður og vísað til könnunarinnar *Stofnun ársins* sem framkvæmd var í mars 2015 af Capacent Gallup fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið.
- **Foreldrakönnun.** Könnunin var meginleg netkönnun meðal foreldra nemenda yngri en 18 ára. Könnunin fjallaði um viðhorf foreldra til skólans og skólastarfsins og var þetta fyrsta könnunin sem gerð hefur verið meðal foreldra frá því skólinn tók til starfa.
- **Mat á stjórnunarháttum.** Þessi þáttur var síðast metinn í umræðuhópum þar sem tilteknir lykilorðir úr Gæðagreinum voru hafðir til hliðsjónar. Þetta skólaár var ákveðið að láta þátttöku skólans í könnuninni *Stofnun ársins* nægja sem athugun á stjórnunarháttum (sjá umfjöllun hér á eftir).
- **Mat kennara á áföngum** sem þeir kenna þar sem fram koma kostir og gallar ásamt ábendingum og hugmyndum um úrbætur.
- **Starfsmannasamtöl.** Á vorönn fóru fram starfsmannasamtöl þar sem skólameistari átti fund með hverjum og einum starfsmanni.
- **Greining á tölulegum gögnum** úr Innu varðandi innritun, útskrift, skólasókn og fleira. Aðstoðarskólameistari heldur utan um töluleg gögn úr Innu og



vinnur úr þeim. Um miðja önn eftir miðannarmat og í lok annar er farið yfir niðurstöður úr námsmati í einstökum áföngum og þær kynntar á kennarafundi.

- **Umsjónarkerfi.** Í skólanum hefur umsjónarkerfi verið í þróun frá upphafi.
- **Ytri úttekt.** Ytri úttekt var gerð á skólanum í fyrsta sinn haustið 2014.

## Kennslukannanir

Gerðar voru kennslukannanir á báðum önnum, haustönn 2014 og vorönn 2015. Í sjálfsmatshópi var tekin sú ákvörðun að leggja kennslukönnun fyrir í félagsgreinum, tungumálum og listum á haustönn en í raungreinum, íþróttum og upplýsingatækni á vorönn. Sá háttur hefur verið hafður á að víxla milli anna, þ.e. ef tungumál og félagsgreinar eru kannaðar á vorönn eru þær líka kannaðar næsta haust o.s.frv.. Með þessu er reynt að tryggja að hver áfangi sé a.m.k. kannaður aðra hverja önn. Á haustönn voru 28 spurningar, þar af 26 með fjórum svarmöguleikum; mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála og mjög ósammála, en tvær opnar þar sem nemendur gátu tjáð sig um kosti og galla áfangans. Notaðar voru sömu spurningar og á vorönn 2014 Sami spurningalisti var notaður á vorönn 2015.

Settur var fram matskvarði:

Mjög sammála = 4

Frekar sammála = 3

Frekar ósammála = 2

Mjög ósammála = 1

Miðað var við að ef 85% væru með einkunnina 3 eða hærrí væri það ásættanlegt en ef meðaleinkunn færi niður fyrir 85% væri ástæða til að grípa til úrbóta. Þó skal tekið fram að í skólasamningi var markið við virkni og verkefnaskil nemenda sett við 90%.

Kannanirnar voru settar upp og lagðar fyrir í kannanakerfinu SurveyMonkey. Sami háttur var hafður á og undanfarnar annir þar sem hver kennari setti slóð inn á sína könnun í vikuáætlun á Moodle. Slök svörun hefur verið vandamál á undanförunum önnum og því miður ekki tekist að bæta úr því þrátt fyrir hvatningu sjálfsmatshóps. Svörun á haustönn var mjög slök eða 48% sem er enn lægra en önnina á undan en þá var svörun heldur ekki ásættanleg (54%). Þetta var niðurstaðan þrátt fyrir að sjálfsmatsteymi gengi í stofur og hvetti nemendur sérstaklega til að svara könnuninni. Á vorönn 2015 var niðurstaðan lítið skárri eða 50%. Þetta er vissulega áhyggjuefni og getur tæplega talist marktækt. Hefur sjálfsmatsteymið rætt þetta á fundum sínum og einnig á kennarafundum. Ein skýringin gæti verið sú að fjarnám hófst við skólann haustið 2012 og hefur fjarnemum fjölgað jafnt og þétt. Þeir sitja í

sömu námshópum og dagskólanemendur og geta jafnvel verið helmingur nemenda í áfanga. Mögulegt er að þeir skili sér verr í þessum kennslukönnunum heldur en dagskólanemar sem hvattir eru til þátttöku í kennslustund. Teymið hefur velt fyrir sér hvernig mögulegt sé að breyta þessu og hvort fjarnemar ættu ekki að fá annars konar könnun þar sem þeir sitja ekki í kennslustundum og margar spurningar fjalla um það sem þar fer fram. Ákveðið hefur verið að leggja sérstaka könnun fyrir fjarnema og skoða hvort betri svörun fæst. Einnig hefur sjálfsmatsteymið velt fyrir sér annars konar matsaðferð, t.d. rýnihópum með nemendum eða samtölum matsaðila við nemendur en ekki farið út í slíkt.

### Niðurstöður kennslukannana

Kennslukannanirnar eru tvískiptar. Annars vegar var spurt um viðhorf til kennara og hins vegar viðhorf til eigin náms. Niðurstöður úr könnununum má sjá hér á eftir.

#### Haust 2014

Spurning	Meðaltal 1-2	Meðaltal 3-4
Kennarinn hefur góða þekkingu á námsefninu.	3%	97%
Kennarinn mætir vel í kennslustundir og er stundvís.	8%	92%
Kennarinn er skipulagður og kemur undirbúinn í kennslustundir	6%	94%
Kennarinn er jákvæður og hvetjandi í garð nemenda	5%	95%
Kennarinn sýnir áhuga á að nemendur taki framförum (bæti árangur sinn)	5%	95%
Kennarinn leitast við að hafa fjölbreytni í kennsluháttum (kennsluaðferðir, verkefni o.fl.)	15%	85%
Kennarinn skilar úrlausnum (prófum/verkefnum) innan hæfilegra marka miðað við umfang þeirra.	14%	86%
Áætlanir og upplýsingar í Moodle frá kennara í viku hverri nýttast mér vel.	13%	87%
Grunnnámsgögn áfangans eru góð (námsefni).	12%	88%
Ég sýni áhuga og eftirtekt í kennslustundum	14%	86%
Ég mæti vel og stundvíslega í kennslustundir	9%	90%
Ég leita til kennarans ef ég skil ekki kennsluefnið	10%	90%
Ég er virk/virkur til jafns við aðra í hópvinnu	12%	88%
Ég nýti upplýsingar frá kennara til að vinna eftir (kennsluáætlanir, ítarefni og fyrirmæli með verkefnum og prófspurningum).	3%	97%
Ég vinn að því að ná sífellt betri tókum á námsefninu	6%	94%
Ég tek ábyrgð á námi mínu í áfanganum	2%	98%
Ég skila verkefnum á réttum tíma.	9%	91%
Ég sýni frumkvæði og leita þekkingar umfram það sem skylt er í áfanganum.	13%	87%
Mér líður vel í þessum áfanga.	18%	82%

Vinna í þessum áfanga er hæfilega mikil.	12%	88%
Vinnutímar nýtast mér vel	18%	82%
Ég hef haft tækifæri til að hafa áhrif á eða segja álit mitt á efni áfangans.	15%	85%
Fyrirkomulag áfangans hentar mér (vikulotur í Moodle).	6%	94%
Námsmatsaðferðir í áfanganum henta mér (símat).	4%	96%
Ég skoða endurgjöf og athugasemdir við verkefni frá kennara	6%	94%

Tafla 1 Niðurstöður kennslukönnunar haustið 2014

## Vor 2015

Spurning	Meðaltal 1-2	Meðaltal 3-4
Kennarinn hefur góða þekkingu á námsefninu.	2%	98%
Kennarinn mætir vel í kennslustundir og er stundvís.	11%	89%
Kennarinn er skipulagður og kemur undirbúinn í kennslustundir	14%	86%
Kennarinn er jákvæður og hvetjandi í garð nemenda	6%	94%
Kennarinn sýnir áhuga á að nemendur taki framförum (bæti árangur sinn)	8%	92%
Kennarinn leitast við að hafa fjölbreytni í kennsluháttum (kennsluaðferðir, verkefni o.fl.)	18%	82%
Kennarinn skilar úrlausnum (prófum/verkefnum) innan hæfilegra marka miðað við umfang þeirra.	17%	83%
Áætlanir og upplýsingar í Moodle frá kennara í viku hverri nýtast mér vel.	15%	85%
Grunnnámsgögn áfangans eru góð (námsefni).	12%	88%
Ég sýni áhuga og eftirtekt í kennslustundum	8%	92%
Ég mæti vel og stundvíslega í kennslustundir	7%	93%
Ég leita til kennarans ef ég skil ekki kennsluefnið	5%	95%
Ég er virk/virkur til jafns við aðra í hópvinnu	4%	96%
Ég nýti upplýsingar frá kennara til að vinna eftir (kennsluáætlanir, ítarefni og fyrirmæli með verkefnum og prófspurningum).	4%	96%
Ég vinn að því að ná sífellt betri tókum á námsefninu	4%	96%
Ég tek ábyrgð á námi mínu í áfanganum	4%	96%
Ég skila verkefnum á réttum tíma.	7%	93%
Ég sýni frumkvæði og leita þekkingar umfram það sem skylt er í áfanganum.	13%	87%
Mér líður vel í þessum áfanga.	11%	89%
Vinna í þessum áfanga er hæfilega mikil.	17%	83%
Vinnutímar nýtast mér vel	14%	86%
Ég hef haft tækifæri til að hafa áhrif á eða segja álit mitt á efni áfangans.	11%	89%
Fyrirkomulag áfangans hentar mér (vikulotur í Moodle).	7%	93%
Námsmatsaðferðir í áfanganum henta mér (símat).	6%	94%
Ég skoða endurgjöf og athugasemdir við verkefni frá kennara	8%	92%

Tafla 2 Niðurstaða kennslukönnunar vorið 2015

Eins og fram hefur komið höfum við átt í ákveðnum vanda varðandi svarhlutfall í kennslukönnunum en höfum þó kosið að líta á niðurstöðurnar sem ákveðna vísbendingu sem þó er ekki hægt að alhæfa út frá. Eins og sjá má á töflunum hér á undan náðist 85% markið í flestum tilfellum. Á haustönn 2014 voru svör reyndar yfir þeim mörkum í öllum tilfellum nema tveimur. Þar var spurt um nýtingu vinnutíma. Á vorönn 2014 hafði þessi þáttur náð 85% mörkum en nú lækkaði hlutfallið örlítið eða í 82%. Á vorönn 2015 er talan aftur komin í 86%. Það hefur því tekist nokkurn veginn að halda þessum þætti viðunandi en áður var svörunin í þessum þætti 70% eða lægri. Það er því stærstur hluti nemenda sem telur að þessir tímar nýtist sér vel.

Annar þáttur sem oftast hefur mælst undir 85% mörkunum er fjölbreytni kennara í kennsluháttum. Á síðasta kennsluári vorum við á mörkum þar sem 85% voru sátt á haustönn en 82% á vorönn. Hér vegum við því salt og hefur þessi þáttur verið ræddur í hópi kennara og þar hefur komið fram sú hugmynd að kennslufyrirkomulagið í skólanum (dreifnámsfyrirkomulag) hafi hér áhrif á. Nemendum finnst það fremur einhæft, í það minnsta ekki nægilega fjölbreytt. Þá hefur líka verið rætt um að orða spurninguna öðruvísi, t.d. spyrja frekar um fjölbreytt viðfangsefni heldur en kennsluhætti.

Á haustönn kom spurningin um líðan nemenda í áfanga verr út en áður. Jákvæð svörun lækkaði úr 90% í 82%. Á vorönn hækkaði talan hins vegar í 89% svo hér er sennilega ekki ástæða til að grípa til aðgerða. Annar þáttur sem fór niður fyrir 85% mörkin á vorönn snerist um skil kennara á úrlausnum. Hér fór hann í 83% og er það nákvæmlega eins og á vorönn 2014. Á haustönn 2013 var niðurstaðan hins vegar snöggtum betri eða 90%. Þetta er þáttur sem mikið er ræddur og eru kennarar meðvitaðir um hann og reyna eftir bestu getu að standa við þau mörk sem þeim eru sett.

Að lokum var einn þáttur sem fór niður fyrir mörk á vorönn en hafði verið vel yfir mörkum á haustönn. Það var spurningin um hæfilegt vinnuálag í áfanga. Á haustönn 2014 voru mörkin 88% en fóru niður í 83% á vorönn. Þetta er lækkun frá fyrra ári þar sem meðaltalið var yfir 90%. Þar sem markið var sett við 90% skil á verkefnum á réttum tíma var meðaltalið yfir veturinn 92% og yfir mörkum á báðum önnum.

Kennarar fá niðurstöður kennslukönnunar úr sínum áfanga og geta velt þeim fyrir sér, séð hvað vel gengur og hvað miður og því leitað leiða til úrbóta næst þegar áfanginn er kenndur.

### Viðhorfskannanir

Í skólasamningi fyrir tímabilið 2014-2019 eru sett fram ákveðin markmið er varða líðan og aðbúnað. Þar er markmiðið að 85% nemenda segi að þeim líði vel eða mjög vel í skólanum og 85% kennara/starfsmanna séu ánægðir í starfi.

Eins og fram kom í inngangi var ákveðið að bregða út af áætlun og hefðinni þegar kom að viðhorfskönnunum. Sjálfsmatsteymið hafði lagt fyrir heimagerðar viðhorfskannanir fyrir nemendur og starfsfólk. Þar hafði verið erfitt að ná upp svörun hjá nemendum líkt og í kennslukönnunum en mun betri svörun var hjá starfsmönnum. Á haustönn 2014 stóð auk þess til að leggja fyrir eineltiskönnun í fyrsta sinn. Eftir að hafa skoðað könnun *Framhaldsskólapúlsins* um líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag, var tekin ákvörðun um að skólinn tæki þátt í henni í stað þess að leggja fyrir hefðbundna viðhorfskönnun. Þessi könnun tók til þeirra þátta sem við vildum skoða, þar með talið einelti. Auk þess að gefa okkur mynd af stöðunni í okkar skóla gefst kostur á að bera hana saman við 9 aðra framhaldsskóla sem tóku þátt í könnuninni. Hvað varðaði viðhorfskönnun starfsmanna þá tók skólinn þátt í könnuninni um *Stofnun ársins* líkt og árin á undan og var talið að þar fengist ágætur samanburður milli ára, auk þess að fá samanburð við aðrar stofnanir.

Þá var gerð viðhorfskönnun meðal foreldra í fyrsta skipti frá stofnun skólans. Fór hún fram á vorönn 2015.

## Framhaldsskólupúlsinn

Í könnun [Framhaldsskólupólusins haustið 2014](#)<sup>1</sup> voru eftirtaldir þættir kannaðir:

- Námsumhverfi
- Virkni í námi
- Líðan

Að auki gafst nemendum kostur á opnum svörum sem komu meðal annars inn á kennslumat, mat á líðan og kostum og göllum skólans.

Könnunin fór fram í nóvember 2014. Hún fór fram á netinu og var send með tölvupósti og sms til allra nemenda samkvæmt nemendalista frá skóla.

Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla er 80% til að fá fullgildar niðurstöður.

Framhaldsskólupúlsinn sendir tengilið skólans svarprósentu reglulega og er því mögulegt að ganga á þá nemendur sem ekki hafa svarað og fá þá til að svara.

Könnunin var einungis lögð fyrir dagskólanema þar sem hún á ekki við fjarnema og var fjöldi þátttakenda 128 og svöruðu 110 eða 85,9%.

### Námsumhverfi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	66,7%	70/105	69,6%	666/957	-2,9%
1.2. Samsömun við nemendahópinn	5,2	107	5,2	965	0,0
1.3. Stuðningur kennara við nemendur	5,7	106	4,9	958	0,8*
1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,5	106	4,8	961	0,7*
1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)	6,0	106	5,0	964	1,0*
1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	5,5	106	5,0	963	0,5*

Hér er niðurstaða hvers matsþáttar borin saman við viðmiðunarhóp. Bláar stjörnumerktar tölur þýða að þátttakendur í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt frábrugðnir viðmiðunarhópnum.

Eins og sjá má er viðhorf og hollusta nemenda gagnvart skólanum 2,9% undir meðaltali. Enn þarf að vinna í því að nemendur segist geta verið stoltir af skólanum sínum og erum við meðvituð um að skólinn er ungur og þarf að vinna sér orðspor.

<sup>1</sup> Framhaldsskólupúlsinn 2014-2015. Menntaskólinn á Tröllaskaga, (2014).

Þegar kemur að samsömun við nemendahópinn eru nemendur MTR alveg í takt við viðmiðunarhópinn. Langflestir eru sáttir í skólanum og þeim líður vel í nemendahópnum. Það virðast þó vera um 10-20 nemendur sem ekki líður nægilega vel í nemendahópnum og er auðvitað ástæða til að hafa það í huga.

Nemendur MTR eru sáttir við þann stuðning sem þeir fá frá kennurum sínum. Þar eru þeir yfir meðaltali viðmiðunarhóps. Þeim finnst kennarar sýna námi hvers nemanda áhuga og þeir reyni að útskýra þar til nemendur skilja. Þá fá nemendur tækifæri til að tjá skoðanir sínar. Þetta helst nokkuð í hendur við það sem fram kemur í kennslukönnunum skólans. Nemendur telja sig virka í tímum umfram meðaltal.

Í skólanum er leiðsagnarmat og þegar kemur að tíðni leiðsagnarmats er skólinn ofan við meðaltal. Það á einnig við um þegar kemur að spurningum um hvatningu til ígrundunar.

### **Virgni í námi**

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
2.1. Námsáhugi	4,6	106	5,0	967	-0,4*
2.2. Námsþæknir	5,0	106	5,0	960	0,0
2.3. Fjarvera: Seinkomur í tíma	62,6%	67 <sub>/107</sub>	63,3%	608 <sub>/961</sub>	-0,7%
2.4. Fjarvera: Skróp í tíma	54,2%	58 <sub>/107</sub>	53,9%	519 <sub>/963</sub>	0,3%
2.5. Fjarvera án leyfis heilan dag	41,1%	44 <sub>/107</sub>	26,6%	255 <sub>/958</sub>	14,5%*
2.6. Ástæður fyrir fjarveru	-	61	-	-	-

Eins og hér sést er námsáhugi nemenda örlítið neðan við meðallag eða 0,4%. Er það nokkuð jafnt á milli kynja. Þetta er ekki ósvipuð niðurstaða og í könnuninni um *Betri líðan* haustið 2013. Þar voru það hins vegar frekar strákar sem ekki fundu tilgang í námi sínu og sýndu lítinn áhuga. Ekki var spurt um þyngd náms í könnun Framhaldsskólalámsins.

Þegar kemur að mætingum og fjarveru frá skóla eru nemendur MTR ofan við meðaltal. Litlu sem engu munar þegar spurt er um seinkomur í tíma og skróp. Þegar spurt er um fjarvistir heilan dag án leyfis er munurinn hins vegar mikill eða 14,5%. Hér er ástæða til að staldra við og velta fyrir sér ástæðum. Fleiri nemendur MTR nefna erfiðleika á heimili sem ástæðu, líkamleg veikindi og vinnu með skóla. Mesti



munurinn felst þó í einhverjum öðrum ástæðum, t.d. að nemendur gleymdu að tilkynna veikindi, fóru til Reykjavíkur eða útlanda, til læknis o.s.frv. Þá er líka ljóst að einhverjir nemendur telja sig ekki þurfa að mæta í tíma ef þeir ná að skila verkefnum vikunnar áður en henni lýkur. Ef svo er að nemendur hafa skilað verkefnum vikunnar í Moodle en mæta ekki í tíma þýðir það í raun ekki að þeir séu vanvirkir í námi.

### Líðan

Matsþættir	Niðurstaða	N	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Vellíðan	4,8	110	4,8	981	0,0
3.2. Hamingja	78,2%	86 <sub>/110</sub>	78,1%	768 <sub>/983</sub>	0,1%
3.3. Sjálfssálit	4,7	110	4,9	981	-0,2
3.4. Stjórn á eigin lífi	4,3	108	4,7	973	-0,4*
3.5. Þunglyndi	13,8%	15 <sub>/109</sub>	8,7%	84 <sub>/970</sub>	5,1%*
3.6. Kvíði	15,7%	17 <sub>/108</sub>	16,6%	161 <sub>/968</sub>	-0,9%
3.7. Svefnleysi	44,0%	48 <sub>/109</sub>	40,7%	396 <sub>/972</sub>	3,3%
3.8. Ástæður svefnleysis	-	97	-	-	-
3.9. Einelti	7,5%	8 <sub>/107</sub>	7,6%	73 <sub>/965</sub>	-0,1%
3.10. Áreitni og ofbeldi	16,7%	18 <sub>/108</sub>	21,9%	211 <sub>/962</sub>	-5,2%

Þegar kemur að vellíðan, hamingju og sjálfssáliti virðast nemendur MTR vera á svipuðum slóðum og viðmiðunarhópurinn. Stærstum hluta líður vel í skólanum en u.þ.b. 7-8% nemenda líður ekki nægilega vel eða finnst þeir hamingjusamir. Það er heldur minna en fram kom í könnuninni um *Betri líðan* sem skólinn tók þátt í haustið 2013<sup>2</sup>.

Sá þáttur sem hér stingur hins vegar í augu er þunglyndi. Umtalsvert fleiri í MTR virðast eiga við einhvers konar þunglyndi að stríða heldur en í viðmiðunarhópi. Munurinn er 5,1% og munar þar mest um stráka þar sem 16,1% virðast þunglyndir á móti 6,9% í viðmiðunarhópi. Munurinn hjá stelpum er aðeins um 1% (11,3% á móti 10,2%). Hér voru nemendur spurðir um depurð, tilfinningar, lífstilgang og áhuga á lífinu. Þessi þáttur sker sig mest úr af öllum í könnuninni í heild og var hann tekinn til umfjöllunar hjá starfsmönnum og nemendum. Skólinn vann að geðheilsuverkefni á síðasta skólaári og var sálfræðingur skólans m.a. fenginn til að halda

<sup>2</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið, (2014).

fræðslufyrirlestur fyrir nemendur um þunglyndi og hvað væri til ráða. Þá höfðu nemendur aðgang að sálfræðingi og gátu óskað eftir viðtölum við hann.

Kvíði mælist líka nokkur en hann er þó í takt við það sem gerist í viðmiðunarskólum eða um 16% (heldur minni í MTR). Það vekur athygli að þessi þáttur helst ekki í hendur við þunglyndið, hér eru það frekar stelpur sem mælast með kvíða.

Eins og áður var nefnt stóð til að kanna einelti sérstaklega í fyrsta sinn á haustönn 2014. Í þessari rannsókn var það einn þátturinn sem kannaður var. Ljóst er að skólinn er ekki alveg laus við einelti en það mælist um 7,5% sem er nokkurn veginn það sama og í viðmiðunarahópi (7,6%). Skólinn mun eftir sem áður halda vöku sinni fyrir einelti í skólanum og er málum sem upp koma vísað til eineltisteymis sem kemur málum í farveg.

Þá er jákvætt að sjá að nemendur MTR telja sig verða fyrir áreitni eða ofbeldi í minna mæli en viðmiðunarahópurinn og munar þar 5,2%.

### Stofnun ársins

Líkt og hjá nemendum var ákveðið að leggja ekki fyrir hefðbundna viðhorfskönnun þetta skólaár. Könnunin *Stofnun ársins* var látin nægja líkt og *Framhaldsskólapúlsinn* hjá nemendum. Þá var könnunin líka nýtt til að kanna stjórnunarhætti líkt og á fyrra ári.


Menntaskólinn á Tröllaskaga tók þátt í könnuninni *Stofnun ársins* í fjórða sinn árið 2015. Könnunin er framkvæmd af Capacent fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Stofnunin flokkast með meðalstórum stofnunum með 20-49 starfsmenn. Svarprósenta var 100% en svarhlutfall í heildarkönnuninni var 51,9%.

### Þættir í könnuninni

	Fjöldi spurninga að baki þætti	Vægi í heildarmati
Trúverðugleiki stjórnenda	10	19%
Starfsandi	3	11%
Launakjör	3	11%
Vinnuskilyrði	6	14%
Sveigjanleiki vinnu	5	11%
Sjálfstæði í starfi	4	11%
Ímynd fyrirtækis	3	11%
Ánægja og stolt	4	13%


Árið 2014 kom Menntaskólinn á Tröllaskaga mjög vel út úr könnuninni þar sem skólinn varð í 2. sæti sem fyrirmyndarstofnun meðal stofnana með 20-49 starfsmenn. Árið 2015 varð árangurinn enn betri þar sem skólinn varð stofnun ársins í sínum stærðarflokki og hlaut viðurkenningu fyrir það frá SFR. Heildarmat Menntaskólans á Tröllaskaga var 4,544<sup>3</sup> og lenti hann þar í 2. sæti yfir allar stofnanir sem könnunin náði til en þær voru 146. Þá var skólinn í efsta sæti framhaldsskóla og háskóla sem er verulega ánægjulegt fyrir stofnunina. Skólinn var yfir meðaltali í öllum þáttum sem skoðaðir voru. Helstu niðurstöður skólans má sjá á meðfylgjandi mynd.

### Helstu niðurstöður - Þættir og frávik frá mælingu síðasta árs



<sup>3</sup> Hæsta skor er 5.


## Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki




Á þessu má sjá að flestir þættir hafa styrkst frá síðustu könnun að undanskildum þættinum um vinnuskilyrði og sveigjanleika í vinnu. Þeir þættir skora þó hærra hjá okkur en öðrum sambærilegum stofnunum sem þátt tóku í könnuninni sem og öllum stofnunum.

## Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

### Fimm hæstu einkunnir stofnunar




## Fimm lágstu einkunnir stofnunar



Tölur í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar og meðaltali stofnana í sama stærðarflokki.

Þeir þættir sem koma verst út eru flestir þess eðlis að ytri aðstæður gera stjórnendum erfitt að bæta úr, ráðast m.a. af húsnæði sem stöðugt er unnið að lausn á og kjarasamningum. Matar- og kaffiaðstaða starfsmanna er til að mynda óviðunandi.

Trúverðugleiki stjórnenda hefur aukist jafnt og þétt frá því að skólinn hóf þátttöku í könnuninni eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.



Í könnuninni kom fram að starfsandi væri góður og vel yfir meðaltali annarra stofnana. Þetta er einnig í samræmi við það sem fram kom í viðhorfskönnun starfsmanna árið á undan.

Starfsfólk er almennt ánægt með vinnuskilyrði og starfsaðstöðu. Er það líka í takti við fyrri könnun. Þarna er þó rétt að árétta að matar- og kaffiaðstaða er undantekningin eins og áður hefur verið nefnt. Í fyrri viðhorfskönnun var spurt um vinnuálag og streitu. Þá höfðu vinnuálag og streita minnkað frá könnun og eins sjá má hér á eftir virðist fólk upplifa streitu og vinnuálag undir meðallagi í MTR.

■ Menntaskólinn á Tröllaskaga ■ Framhalds- og háskólar ■ Allar stofnanir




Þessi streitueinkennakvarði byggir á samantekt á eftirfarandi 4 spurningum, „Kemur það oft eða sjaldan fyrir eftir að vinnudegi lýkur að...“:

- „... þú eigir erfitt með að hætta að hugsa um vinnuna þannig að það hafi neikvæð áhrif á frítíma þinn eða einkalíf?“
- „... þú hafir áhyggjur af því að upp komi vandamál í vinnunni sem þú getur ekki leyst?“
- „... þig langi ekki í vinnuna næsta dag?“
- „... þú sért svo þreytt/ur að þú eigir erfitt með að gera nokkurn skapaðan hlut?“

Athugið að því hærri sem einkunn er því minni eru streitueinkenni.

Fólk upplifir sig sem sjálfstætt og ánægt í starfi og er stolt af vinnustað sínum.

### Ánægja og stolt



Af þessari könnun má ráða að starfsmenn Menntaskólans á Tröllaskaga eru afar sáttir með stofnunina sína og stjórnun hennar.

### Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var lögð fyrir rafrænt í apríl 2015. Spurningalisti var unninn í sameiningu af sjálfsmatshópi og kennurum. Könnunin var sett upp í SurveyMonkey og send í tölvupósti á 46 einstaklinga, foreldra nemenda yngri en 18 ára. Svarhlutfall var 63%. Niðurstöður voru kynntar fulltrúum foreldrafélags og á starfsmannafundi. Þá fékk nemendaráð einnig niðurstöðurnar.

Könnunin byggðist upp á 14 spurningum og þar af voru 6 opnar. Oftast voru 5 svarmöguleikar, tveir jákvæðir, tveir neikvæðir og einn hlutlaus.

Eins og áður sagði var svarprósenta 63% og þar af áttu 52% dreng og 48% stúlku í skólanum. Í 62% tilfella svaraði móðir, feður voru 28% svarenda og í 10% tilfella svöruðu báðir foreldrar.

Spurt var um gæði skólans og traust til hans. 90% voru sammála eða mjög sammála því því að Menntaskólinn á Tröllaskaga væri góður skóli. Um 7% voru hlutlaus og 3% ósammála. Spurt var um traust til skólans og þar voru 86% sammála eða mjög sammála, 7% ósammála og 7% hlutlaus. Þá var spurt um samskipti við starfsfólk. Þar var um að ræða skólameistara, aðstoðarskólameistara, námsráðgjafa, umsjónarkennara, greinakennara, iðjuþjálfara, stuðningsfulltrúa og afgangslu. Í langflestum tilfellum, þar sem fólk hafði á annað borð samskipti við viðkomandi starfsmann, voru samskiptin mjög góð eða góð.

Þá var spurt um hvernig foreldrar teldu að námsfyrirkomulag, vikulotur, hentuðu nemandanum. Allir töldu að það hentaði mjög vel eða vel. Spurt var út í vinnutímana og töldu 83% að þeir hentuðu vel eða mjög vel. Um 5% töldu þá henta illa og 14% sögðust ekki vita það. Þá var spurt um hvort foreldrar teldu að nemendur nýttu vinnutímana. Um 79% töldu þá nýta þá mjög vel eða vel, 7% töldu þá illa nýttu og 14% vissu það ekki.

Spurt var um upplifun foreldra varðandi nám barna sinna. Um 96% voru mjög sammála eða sammála að barn þeirra fengi nám við hæfi og 4% voru hlutlaus. 93% töldu barn sitt standa sig vel í námi, 3,5% voru ósammála og 3,5% hlutlaus. Þá var spurt um hve miklum tíma foreldrar teldu að börn þeirra verðu í nám heima á viku. Þar dreifðust svör nokkuð jafnt, 24% sögðu 0-2 klst., 28% 3-5 klst., 28 6-10 klst. og 14% meira en 10 klst. 7% vissu þetta ekki.

Þá var spurt um hvernig foreldrar fylgdust með mætingum og athugasemdum í Innu, einkunnum í Innu og ástundun og verkefnum í Moodle. Einnig var spurt um hvort foreldrar væru sáttir við reglur skólans um mætingar og það hvort athugasemdir og miðannarmat gagnaðist til að fylgjast með námsgengi nemandans. Niðurstöðurnar má sjá hér á eftir.

	mjög sammála	sammála	ósammála	mjög ósammála	hlutlaus	Total
Ég fylgist með mætingum og athugasemdum nemandans í Innu.	41.38% 12	37.93% 11	6.90% 2	3.45% 1	10.34% 3	29
Ég fylgist með einkunnum nemandans í Innu.	37.93% 11	44.83% 13	6.90% 2	3.45% 1	6.90% 2	29
Ég fylgist með ástundun og verkefnum á kennsluvefnum (Moodle).	11.54% 3	19.23% 5	38.46% 10	11.54% 3	19.23% 5	26
Ég er sátt/ur við reglur skólans um mætingar.	48.28% 14	34.48% 10	6.90% 2	0.00% 0	10.34% 3	29
Athugasemdir og miðannamat gagnast mér til að fylgjast með námsgengi nemandans.	48.15% 13	40.74% 11	0.00% 0	0.00% 0	11.11% 3	27

Á þessu má sjá að foreldrar virðast fremur sáttir með fyrirkomulag skólans og utanumhald um nemendur. Foreldrar nýttu sér hins vegar því miður ekki opnu spurningarnar til að koma með athugasemdir og ábendingar varðandi skólann og skólastarfið.

### Starfsmannasamtöl

Skólameistari tók alla starfsmenn í einstaklingsviðtöl seinni hlutann í apríl og byrjun maí. Í viðtalinu, sem tók klukkustund, var ákveðinn viðtalsrammi til grundvallar sem starfsmönnum hafði verið kynntur fyrirfram. Þar voru teknir fyrir þættir sem vörðuðu starfslýsingar, starfsmanninn sjálfan (framτίðarsýn, styrkleikar og veikleikar), vinnuumhverfi og starfsaðstæður. Viðtölin gengu vel og gáfu viðtölin til kynna að starfsmenn væru almennt ánægðir í starfi sínu.



## Greining á tölulegum gögnum

Hér verður gerð grein fyrir helstu tölum er snúa að innritun, nemendapróun og brottfalli.

### *Innritunartölur, nemendapróun og brottfall*

Braut	H-2010	V-2011	H-2011	V-2012	H-2012	V-2013	H-2013	V-2014	H-2014	V-2015
Félags- og hugvísindabraut	31	33	39	38	52	55	45	43	48	69
Fisktæknibraut	1	2	1	1	1	4	0	0	0	0
Íþrótt- og útivistarbraut	7	13	13	11	22	33	26	20	24	21
Listabraut	17	22	16	22	35	45	31	32	40	37
Náttúruvísindabraut	14	15	19	21	32	31	35	34	40	60
Starfsbraut	0	0	7	7	9	8	12	12	15	14
Umhverfis- og auðlindabraut					14	6	0	0	0	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs					2	3	3	3	2	9
10. bekingar					14	11	15	10	13	11
Ótilgreind fjarnámsbraut					6	8	13	17	31	24

**Tafla 3 Nemendafjöldi á brautum frá upphafi haustið 2010**

Á haustönn 2014 hófst kennsla 22. ágúst og voru 213 nemendur skráðir í skólann, þar af 130 í dagskóla en aðrir í fjarnámi. Átta nemendur útskrifuðust í desember 2014, 3 af félags- og hugvísindabraut og 3 af náttúruvísindabraut, 2 af íþrótt- og útivistarbraut. Á vorönn sem hófst 5. janúar voru rúmlega 230 nemendur skráðir til náms, 150 í dagskóla og aðrir í fjarnámi. Alls útskrifaðist 31 nemandi í maí 2015 og er það fjölmennasti útskriftarhópur frá upphafi. Tólf útskrifuðust af félags- og hugvísindabraut, 5 af náttúruvísindabraut, 5 af íþrótt- og útivistarbraut, 4 af listabraut og 5 af starfsbraut. Á skólaárinu útskrifuðust því 39 nemendur.

Kynjaskipting á haustönn var 46% karlar og 54% konur en á vorönn 41% karlar og 59% konur. Á haustönn voru 58% nemenda úr Fjallabyggð, 12% úr Dalvíkurbyggð og um 30% annars staðar af landinu. Á vorönn voru 43% nemenda úr Fjallabyggð, 13% frá Dalvíkurbyggð, 7% annars staðar af Eyjafjarðarsvæðinu og 37% annars staðar af landinu. Eins og sjá má á þessu hefur nemendum úr Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð hlutfallslega fækkað meðan hópurinn sem kemur vítt og breytt að stækkar. Þetta má einkum rekja til mikillar fjölgunar í fjarnámi.


Ef brottfall er skilgreint sem mismunur á nemendum sem sannarlega hefja nám og þeim sem skila sér til prófs var meðalbrottfall á haustönn 2014 4% en á vorönn 2015 3%. Meðalbrottfall á skólaárinu 2014-2015 var því 3,5%. Brottfallið hefur því lækkað um helming frá fyrra skólaári þegar meðaltalið var 6,9%. Skólinn hefur sett sér það markmið að brottfall sé sem minnst og viðmiðið að það sé undir 8% (sjá viðauka) og er brottfallið því vel undir þeim mörkum. Í þessu samhengi er rétt að það komi fram að í skólanum felst námsmat í sí- og leiðasagnarmati og eru ekki haldin lokapróf. Sú vinnuregla er viðhöfð að ef nemandi er með 2 í einkunn á miðannarmati fær hann einkunn í lok annar þrátt fyrir litla virkni. Í miðannarmati má gera ráð fyrir að 50% námsmats í áfanga hafi átt sér stað.

Þá má geta þess að skólinn er þátttakandi í verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis sem hefur það að markmiði að sporna við brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum. Í þessu verkefni er reynt að greina hvaða nemendur eru í brotthvarfshættu og ástæður brotthvarfs eru skráðar. Í þessu skyni var skimunarkönnun lögð fyrir nýnema á haustdögum 2014. Að auki hefur námsráðgjafi tekið nýnema í viðtöl við upphaf skóla og áfangastjóri skannar upplýsingar um nýnema sem berast frá grunnskólum (einkunnir).


### *Námsárangur*

Fylgst er með einkunnadreifingu og meðaleinkunnum úr áföngum á hverri önn. Utanumhald um þessar upplýsingar er í Innu. Á haustönn 2014 voru kenndir 59 áfangar á 7 brautum. Á starfsbraut voru 9 áfangar kenndir. Meðaleinkunn allra áfanga að undanskildum þeim sem fengu matið „staðið“ (12) var 6,62. Á vorönn 2015 voru jafn margir áfangar kenndir á 7 brautum. Meðaleinkunn var 6,48. Á starfsbraut voru kenndir 9 áfangar. Þetta eru heldur lægri meðaleinkunnir en á síðasta skólaári.


Á eftirfarandi myndum má sjá dreifingu meðaleinkunna eftir sviðum. Flestir áfangar eru aðeins kenndir aðra hverja önn. Undantekning frá því eru inngangsáfangarnir þrír og upplýsingatækni dreifnáms.




Mynd 1 Meðaleinkunnir í tungumálum skólaárið 2014-2015




Mynd 2 Meðaleinkunnir í félagsgreinum skólaárið 2014-2015



Mynd 3 Meðaleinkunnir í raungreinum skólaárið 2014-2015



Mynd 4 Meðaleinkunnir í listgreinum skólaárið 2014-2015



Mynd 5 Meðaleinkunnir í íþróttagreinum skólaárið 2014-2015

### Nýtingarhlutfall í hópum

Menntaskólinn á Tröllaskaga er fámennur skóli. Það gefur því augaleið að nýtingarhlutfall í hópum er ákveðið vandamál. Á haustönn 2014 var meðalnýtingarhlutfall í hóp 66% ef reiknað er með 25 nemendum í bóklegum hópum og 15 í listgreina- og tölvuhópum sbr. 2. gr. auglýsingar nr. 4/2001 þar sem fjallað er um hópastærðir og fleira. Þetta er mun betra en á haustönn 2012 og svipað og á vorönn 2013. Á vorönn 2015 var meðalnýtingarhlutfall í hópum svipað eða 64%. Tekið skal fram að tölur af starfsbraut eru ekki inni í þessum útreikningum. Þetta er svipað nýtingarhlutfall og verið hefur undanfarin ár.

Ljóst er að svo fámennur skóli getur aldrei fullnýtt alla námshópa, sérstaklega ekki í efri áföngum þegar aðgreining nemenda eftir brautum er orðin meiri. Fjarnám sem nú er í boði við skólann hjálpar augljóslega við að fjölga í hópum og um leið að bæta nýtingu þar sem fjarnemar eru í sömu hópum og dagskólanemar.

### Mætingar nemenda

Mikið hefur verið rætt um mætingareglur nemenda frá því að skólinn hóf störf. Settar voru reglur í upphafi sem ekki reyndust nægilega skýrar. Þær hafa verið teknar upp og endurskoðaðar út frá þeirri reynslu sem fengist hefur. Í stuttu máli hafa nemendur 10% svigrúm í mætingum áður en farið er að gera athugasemdir. Hins

vegar hefur ekki verið settur mælikvarði á hvaða mörk og viðmið eru sett varðandi ásættanlegt hlutfall nemenda sem ná 90% mætingareinkunn enda dálítið flókið þar sem verkefnaskil og mætingar spila stundum saman.

## Umsjónarkerfi

Á þeim fimm árum sem Menntaskólinn á Tröllaskaga hefur starfað hafa verið gerðar nokkrar tilraunir með umsjónarkerfi og hlutverk umsjónarkennara verið rætt og endurskilgreint. Nú er sama fyrirkomulag við lýði og á fyrra skólaári. Allir nemendur hafa umsjónarkennara og markmiðið er að þeir haldi þeim sama meðan þeir eru í skólanum sé þess kostur. Umsjónarkennari fylgist með mætingum nemenda og athugasemdum kennara, aðstoðar nemendur við val og gerð námsáætlunar, beinir nemanda til námsráðgjafa þegar við á og er talsmaður nemenda. Allir fagkennarar skrifa stutta umsögn á Innu um ástundun og verkefnaskil nemenda á þriggja vikna fresti. Umsögnin nýtist við samskipti heimila og skóla hjá ólöggráða nemendum ásamt því að gefa nemendum skýra sýn á stöðu sína.

## Stefnumótunarvinna

Alveg frá því að Menntaskólinn á Tröllaskaga hóf starfsemi sína vorið 2010 hefur mikil stefnumótunarvinna verið í gangi. Skólinn hefur frá upphafi unnið að skólanámskrá í samræmi við ný grunnskólalög og nýja aðalnámskrá. Brautalýsingar og áfangalýsingar hafa verið í samþykktarferli hjá Námsmatsstofnun á vorönn 2015. Gerðar voru nokkarar breytingar á þeim í því ferli og eru þær nú til samþykktar í ráðuneyti. Stefna skólans er í stöðugri þróun og umræðu innan skólans. Þá eru starfandi við skólann foreldraráð og nemendaráð. Kappkostað hefur verið að gefa starfsmönnum og nemendum kost á að koma að stefnumótunarvinnu á fagfundum, skólafundum og með umsögnum.

Nú við lok 5. starfsárs hefur verið lokið við eftirtaldar áætlanir og stefnur:

- Áætlun um náms- og starfsráðgjöf
- Áætlun vegna eineltismála
- Forvarnarstefnu

- Jafnréttisáætlun
- Lýðheilsustefnu
- Viðbrögð við áföllum
- Vímuefni - viðbragðsáætlun
- Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku
- Sjálfsmatsáætlun
- Starfsmannastefnu
- Rýmingaráætlun
- Öryggisáætlun

Skólareglur hafa verið settar fram á heimasíðu skólans og er þar að finna <http://www.mtr.is/is/skolinn/skolareglur>:

### Samstarf við aðra

Menntaskólinn á Tröllaskaga leggur mikið upp úr samstarfi við aðra. Í markmiðum hans (sjá fylgiskjal) kemur að stefnt sé að því að samstarf og virkni séu í góðu lagi. Þeim markmiðum sem þar koma fram hefur verið unnið að jafnt og þétt og á skólaárinu 2014-2015 tókst að uppfylla eftirtalin markmið

- sýningu listar og frumkvöðlaverkefna á báðum önnum
- samstarfi við fyrirtæki og félagasamtök (kynningar, fyrirlestrar eða formlegt samstarf)
- samstarfi við aðra framhaldsskóla (á hverju skólaári)
- samstarfi við grunnskóla í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð
- samstarfi við Tónskóla Fjallabyggðar
- samstarfi við íþróttafélög í Fjallabyggð
- erlendu samstarfi

Þessum markmiðum hefur skólinn unnið ötullega að og náð umtalsverðum árangri. Listsýningar nemenda í lok hverrar annar hafa verið glæsilegar og skólanum til sóma. Þær eru einstaklega vel sóttar af íbúum svæðisins og hafa öðlast fastan sess í

samfélaginu. Þá hefur skólinn átt í góðu samstarfi við félagasamtök og fyrirtæki í sveitarfélaginu í miðannarvikum þegar hefðbundin kennsla er brotin upp og nemendur taka þátt í ýmiskonar styttri námskeiðum sem gjarnan teygja anga sína vítt út í samfélagið. Sama má segja um Tröllaskagaáfangann sem er frumkvöðlaáfangi þar sem nemendur leita út í nærumhverfið á Tröllaskaga og sjá hvar og hvernig frumkvöðlastarfsemi á svæðinu blómstrar.

Samstarf við grunnskóla í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð hefur verið gott. Komin er hefð á að nemendur úr 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar stundi nám í inngangsáföngum í skólanum sem og í kjarnagreinum hafi þeir lokið markmiðum 10. bekkjar í greininni. Því miður hefur samstarf við Dalvíkurskóla legið niðri á skólaárinu en stefnt er að því að bæta úr þessu og er vilji til þess af hálfu Dalvíkurskóla og MTR.

Skólinn er í samstarfi við 12 aðra framhaldsskóla í dreifbýli um sameiginlegt námsframboð í list- og verkgreinum sem boðið er á vef Fjarmentaskólans. Markmið samstarfsins er að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu. Einkum er horft til þess að auka framboð á sérgreinum starfsnámsbrauta. Hver skóli býður einnig upp á fjarnám í almennum bóklegum greinum. Leggur skólinn inn kennslu í listmálun, listljósmyndun og skapandi tónlist en þiggur sérgreinar annarra námsbrauta. Þá hefur einnig verið samstarf við Verzlunarskóla Íslands um fjarnám fyrir nemendur MTR.

## **Fjárhagur og rekstur**

Markmið Menntaskólans á Tröllaskaga er að rekstur hans sé í samræmi við fjárhagsáætlun og ávallt sem hagkvæmastur. Því markmiði tókst ekki að ná árið 2014 m.a. vegna sérsamnings vegna launa starfsmanna er gerður var af fjármálaráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Kennarasambandi Íslands án þess að tekið væri tillit til þess í fjárlögum fyrir skólann. Má gera ráð fyrir að launaliður sé um 7% hærri en ella vegna þessa.



## Styrkleikar, veikleikar og úrbætur

### Styrkleikar og veikleikar

Eins og fram hefur komið var fyrsta ytri úttektin gerð á skólanum haustið 2014. Í heildina kom úttektin vel út en þó eru þættir þar sem betur má gera. Hér fylgir tafla úr úttektarskýrslunni<sup>4</sup>

Styrkleikar	Veikleikar
Sérstaða skólastarfsins í námsfyrirkomulagi, fjölbreyttir og skapandi kennsluhættir, námsmat og sérhæfing í notkun upplýsingatækni. Lausnamiðað skólastarf með áherslu á þarfir nemandans.	Húsnæði of lítið og viðhaldi ábótavant.
Fyrirkomulag verkefnaskila með sterkum, ákveðnum rytma gefur gott utanumhald, festu í starfinu og dregur úr brottfalli.	Mötuneyti ekki til staðar.
Metnaðarfullt, samstillt starfsfólk, hátt menntunarstig starfsmanna og stöðugleiki í starfsmannahópi.	Skólaráð ekki valið fyrr en haust 2014.
Markviss og framtakssöm stjórnun og mikill trúverðugleiki stjórnenda. Ráðning í yfirstjórn fagleg og skilar breidd og víðsýni í stjórnendateymið.	Félagslíf nemenda á erfitt uppdráttar.
Öflug og áhugasöm skólanefnd.	Stærsta upptökusvæði skólans er fámenn. Fámenni getur hindrað fjölbreytni í skólastarfi, s.s. val.
Samstarf við smærri skóla í Fjarmentaskólanum.	Landfræðileg einangrun og nálægð við aðra skóla sem hefur er fyrir að sækja af svæðinu.
Góður starfsandi, mikil nánd, mjög mikil starfsánægja og ánægja nemenda með skólastarfið.	Fagleg einangrun kennara (einn kennari í grein).
Lítill, heimilislegur skóli þar sem list nemenda og kennara er sýnileg.	Skólinn hefur náð hámarksstærð miðað við húsnæði.
Einkunnarorð skólans; frumkvæði, sköpun, áræðni, koma skýrt fram í skólastarfinu.	

<sup>4</sup> Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir, (2014).

## Úrbætur

Hér er lögð fram fjórða sjálfsmatskýrsla Menntaskólans á Tröllaskaga. Skólinn er í stöðugri mótun og mikil gróska í gangi enda virðist slíkt verklag hafa fest sig í sessi. Skólinn hefur starfað eftir nýrri aðalnámskrá frá upphafi og hefur því töluverða reynslu og þekkingu á því nú þegar flestir framhaldsskólar eru að breyta yfir í það form. Komin er nokkur reynsla á aðferðir okkar en á vikulegum fagfundum er farið yfir einstök atriði og endurskoðað í samstari hvernig megi styrkja skólastarfið. Þá höfum við reynt eftir megni að fylgjast með og meta starf okkar eins og vera ber. Sjálfsmatsaðferðir skólans eru nú orðnar nokkuð mótaðar en þó er sjálfsmatsteymið stöðugt vakandi gagnvart nýjum og hentugum matsaðferðum. Nú er til að mynda stefnt að því að kanna afdrif útskrifaðra nemenda og viðhorf þeirra til skólans og þess veganestis sem þeir hlutu þaðan.

Við höfum þegar tekið á ákveðnum þáttum sem í ljós komu og aðrir eru í umræðu og leitað er leiða til úrbóta á þeim. Enn þarf að vera vakandi yfir því að bæta vinnufrið, sérstaklega í vinnutímum. Mætingar nemenda hafa verið mikið til umræðu og reglur og viðurlög endurskoðuð. Þá hefur verið bætt úr stoðþjónustu fyrir nemendur og kennara þar sem sálfræðingur starfar einn dag í viku við skólans og verður það vonandi til þess að bæta líðan nemenda. Betur hefur verið haldið utan um skólasókn nemenda og er mikilvægt að viðhalda þeim árangri sem þar hefur náðst.

Annar skólafundurinn var haldinn á haustdögum 2014. Þar funduðu nemendur og kennarar og ræddu vinnufrið, vinnutíma, aðbúnað og líðan nemenda. Var fundarefni valið með hliðsjón af niðurstöðum úr viðhorfskönnunum meðal nemenda árið á undan. Umræður fóru fram í hópum sem stýrt var af kennurum og komu ýmsar gagnlegar ábendingar fram sem teknar voru til skoðunar og umræðu á fundi kennara.

Líkt og áður er stærsti vandinn sem nú steðjar að skólanum skortur á húsnæði. Þar hefur ekkert breyst frá fyrra ári. Það er afar brýnt að fá matsal, stærra pláss fyrir starfsbraut og meira vinnurými og kaffiaðstöðu fyrir starfsmenn. Skólameistari hefur leitað til yfirvalda vegna þessa máls. Meðal annars hefur hann sent sveitarfélaginu

sem á húsnæðið, erindi vegna málsins. Sveitastjórn samþykkti á fyrra ári að settur yrði á fót vinnuhópur þar sem sætu fulltrúar sveitarfélagsins ásamt fulltrúum frá Menntaskólanum á Tröllaskaga. Hópi þessum var ætlað að setja fram þarfagreiningu og rýmisáætlun fyrir starfsemina. Þessi hópur hefur ekki starfað og því engar lausnir sjáanlegar.

Skólaráð Menntaskólans á Tröllaskaga er nú fullskipað og fundar að lágmarki í upphafi hverrar annar.

Á vorönn 2015 tókst að manna stjórn nemendafélagsins og komst starfsemi félagsins í gang. Nú í upphafi haustannar hefur ný stjórn tekið við í félaginu og eru þar áhugasamir einstaklingar á ferð sem bundnar eru góðar vonir við.

Hér er komið inn á faglega einangrun kennara þar sem sjaldnast er um fleiri en einn kennara í fagi að ræða vegna smæðar skólans. Þó er vert að minna á vikulega fagfundi þar sem ræddar eru kennsluaðferðir, verkfæri við kennslu, skipulag skólastarfs og fleira. Þetta hefur verið rætt á kennarafundum og á yfirstandandi skólaári hyggjast kennarar efla þverfaglegt samstarf innan skólans. Kennarar eru mjög duglegir miðla hugmyndum og ræða í hópi og eru ýmsar hugmyndir í gangi hvað varðar samstarf. Að auki má ekki gleyma Erasmus verkefninu sem skólinn fékk styrk í fyrir skólaárið. Það snýst um svo kallað „job shadowing“ þar sem kennarar MTR fara í vikutíma til Danmerkur og heimsækja skóla sem byggir á svipaðri hugmyndafræði. Farið er í tveggja til fjögurra manna hópum og fara kennarar í mismunandi skóla.

Þá verður ekki hjá því komist að minnst hér á þá stöðu sem upp kom á starfsárinu í málefnum framhaldsskóla á Norðurlandi. Þar voru boðaðar breytingar af hálfu ráðuneytis á fyrirkomulagi skólahalds á svæðinu. Ýmist var talað um sameiningu ólíkra framhaldsskóla eða samvinnu. Þetta skapar vissulega óróa og óvissu í starfi skólans. Enn er ekki fyrirséð hver niðurstaðan verður en nú vinnur nefnd að tillögum um framhaldið.

Að lokum fylgir hér á eftir úrbótaáætlun fyrir skólaárið 2015-2016 (fylgiskjal 2).

## Heimildaskrá

Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir. (2014). *Úttekt á starfsemi Menntaskólans á Tröllaskaga. Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið*. [Reykjavík]: Attentus.

*Framhaldsskólapúlsinn 2014-2015. Menntaskólinn á Tröllaskaga*. (2014). Sótt 15. september 2015 á

<http://www.mtr.is/static/files/Framhaldsskolapulsinn/framhaldssko-769-lapu-769-lsinn-h-14.pdf>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Betri líðan í mínum skóla*.

*Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2013*.

*Menntaskólinn á Tröllaskaga*. [Reykjavík]: Rannsóknir og greining.

## Viðaukar

### Fylgiskjal 1



Viðauki við skólasamning fyrir 2015 – 2017  
milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og  
Menntaskólans á Tröllaskaga

#### A. Markmið

- ✦ *Virkir og sjálfstæðir nemendur á samningstímanum sem*
  - ✦ eru virkir í verkefnavinnu (yfir 90% skili verkefnum á réttum tíma)
  - ✦ líður vel í skólanum (85% líði mjög vel eða vel)
  - ✦ hverfa síður frá námi (brottfall sé undir 8%).
  
- ✦ *Námsframboð á samningstímanum sé fjölbreytt þannig að*
  - ✦ nemendur finni nám við hæfi (með auknu námsframboði)
  - ✦ nemendur séu sjálfstæðir, skapandi og með frumkvæði (sýni afrakstur a.m.k. einu sinni á sýningu á námstíma sínum).
  - ✦ samstarf við aðra framhaldsskóla verði fest í sessi með það að markmiði að efla námsframboð.
  - ✦ fengin verði fjarkennsla frá VÍ og fleiri í áföngum sem ekki tekst að manna
  - ✦ áfangaframboð skólans sé tryggt með fjarnemum í almennum áföngum dagskóla.
  
- ✦ *Kennsla sé skapandi og faglegur metnaður efldur á samningstímanum með því að kennarar*
  - ✦ eigi kost á að þróa faglegan metnað sinn (námskeið, búnaður, sveigjanleiki í starfi) mælt í starfsmannasamtali
  - ✦ noti fjölbreyttar kennsluáðferðir (85% nemenda telji kennsluhætti fjölbreytta)
  - ✦ séu ánægðir í starfi (85% kennara)
  - ✦ hafi tækifæri til að sækja námskeið og ráðstefnur á sérsviði sínu.
  
- ✦ *Stjórnendur séu virkir í starfsemi skólans í þjónustuhlutverki á samningstímanum með því að*
  - ✦ kenna (að minnsta kosti 2. hverja önn)
  - ✦ tryggja að starfsmenn taki þátt í þróun skólans (90% starfmanna telji svo vera)
  - ✦ tryggja að verklagsreglur séu aðgengilegar og þær séu endurskoðaðar árlega.

- ✦ *Fjármál skólans séu í jafnvægi á samningstímanum*
  - ✦ rekstur sé innan fjárhagsáætlunar á hverju skólaári
  - ✦ aðstaða og búnaður séu til fyrirmyndar (90% kennara telji að svo sé).
  
- ✦ *Samstarf og virkni séu í góðu horfi á samningstímanum með*
  - ✦ sýningu listar og frumkvöðlaverkefna á hverri önn
  - ✦ samstarfi við fyrirtæki og félagasamtök (kynningar, fyrirlestrar eða formlegt samstarf)
  - ✦ samstarfi við aðra framhaldsskóla (á hverju skólaári)
  - ✦ samstarfi við grunnskóla í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð
  - ✦ samstarfi við Tónskóla Fjallabyggðar
  - ✦ erlendu samstarfi frá skólaárinu.

## **B. Tímabundin verkefni**

- ✦ *Útivist, íþróttir og danska*
  - ✦ Nordplus verkefni ásamt Fjordvang Ungdomskole í Danmörku
  - ✦ Áætluð verklok 2016
  
- ✦ *Skapandi og nýstárlegar lausnir í menntun*
  - ✦ Heimsóknir í danska skóla
  - ✦ Styrkur frá Erasmus, verklok 2016
  
- ✦ *Listir, matur og tungumál*
  - ✦ Hönnun áfanga og prufukeysla, styrkt af sprotasjóði
  - ✦ Áætluð verklok 2016.
  
- ✦ *Staða og framtíð framhaldsskóla á Norðaustursvæði*
  - ✦ Umsjón mennta- og menningarmálaráðuneyti.

## Úrbótaáætlun 2015-2016

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð
Nemendur nýti vinnutíma og telji þá hafa tilgang í námi sínu.	85% nemenda telji vinnutíma nýtast sér og mæti í tímama. Markmiðið náðist á síðasta ári en keppa þarf að því að halda því.	Mæting í vinnutíma tekin úr Innu og viðhorfskönnun nemenda.	Samræður við nemendur (skólafundur) og eftirfylgni í vinnutímum.	LS/JVH/ kennarar
Efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi.	Nemendafélag verði virkt á skólaárinu og standi fyrir viðburðum.	Viðtöl við stjórn nemendafélags, viðburðir auglýstir í skóla.	Stuðningur við nemendur í upphafi skólaárs og regluleg eftirfylgni	LS/ félagsmála- fulltrúi
Virk stoðþjónusta við nemendur.	Að 85% nemenda telji sig hafa gott aðgengi að stoðþjónustu (námsráðgjöf, sálfræðiþjónusta og bókasafnsþjónusta).	Könnun meðal nemenda	Marka stefnu fyrir stoðþjónustu. Reyna að fá menntaðan náms- og starfsráðgjafa.	LS/JVH
Að nemendum líði vel í skólanum.	Að 85% nemenda líði vel í skólanum. Markmiðið náðist á síðasta ári en keppa þarf að því að halda því.	Framhaldsskólaláttakinn Kennslukannanir	Fyrirbyggjandi aðgerðir Áætlun gegn einelti. Vímuvarnaáætlun.	LS/JVH kennarar
Að nemendur séu sáttir við vinnuaðstöðu sína í skólanum.	Að 85% nemenda séu sáttir við vinnuaðstöðu sína .	Viðhorfskönnun.	Samræður við nemendur, skólafundur.	LS/JVH
Að kennslu- og námsmatsaðferðir séu fjölbreyttar.	85% telji að kennsluhættir séu fjölbreyttir og séu ánægðir með námsmatsaðferðir. Á síðasta skólaári náðist þetta markmið ekki alveg á báðum önnum en keppa þarf að því að ná því og halda stöðunni.	Kennslukannanir	Samræður kennara og nemenda.	Kennarar
Stækkun á húsnæði skólans.	Að tekin verði ákvörðun og sett fram áætlun um úrbætur í húsnæðismálum á skólaárinu.		Vinna í samstarfshópi um húsnæðismál skólans.	LS